

Eystrahorn

44. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 15. desember 2022

www.eystrahorn.is

Mannætur á bókasafninu

Í bókasafni Hornafjarðar má sjá sköndnar og sérkennilegar myndir af tröllskessum sem stunda mannát. Myndskreytir er Sunneva Guðrún Þórðardóttir, en hún var fengin til verksins af Þjóðfræðingnum Dagrúnu Ósk Jónsdóttur. Dagrún hefur alltaf haft áhuga á þjóðsögum og skrifaði BA ritgerð um mannát í þeim. „Tröllasögur eru svo áhugaverðar því í þeim speglast allskonar átök, til dæmis milli þess kristna og heiðna, en tröllin eru í sögunum rammheiðin, og svo milli karla og kvenna. Í tröllasögunum eru það t.d. yfirleitt tröllskessur sem eru að reyna að éta mennska karlmenn,“ segir hún.

Aðspurð um hvort hún eigi einhverjar skessur í uppáhaldi játar hún að sú fyrsta sem kemur í hugann er Grýla, en hún er bæði frægasta tröllskessa landsins og frægasta mannætan. „Svo verð ég að nefna tröllskessuna Þjóðbrók, en við erum báðar af Ströndum.“

En hvað með suðausturland? Eru skessur hér?

„Já, það eru tröllasögur um allt land,“ svarar Dagrún. „... Þarna á svæðinu er auðvitað skessan Klukka, sem sögur segja að hafa átt ellefu dætur. Svo hef

ég svolítið gaman að sögunni um Ólaf, eða Trölla-Láfa sem tvær tröllskessur tóku með sér upp í fjall og hugsuðu sér gott til glóðarinnar að fá nota hann til að viðhalda stofninum. Það leist Láfa illa á og brá á það ráð að þykjast verða veikur og sagði skessunum að ekkert gæti læknað hann nema 12 ára gamall hákarl. Þegar þær fóru að sækja hákarlinn, hljóp hann aftur til byggða og slapp þannig úr þrisundinni.“

Það er greinilegt að tröllastofninn er viðkvæmur stofn, og mögulega verkefni fyrir Náttúrufræðistofu og Vatnajökulsþjóðgarð að reyna að bjarga honum með einhverjum hætti. Er eitthvað hægt að gera fyrst að tröllkarlar eru að deyta út?

„Tröllaríkið hefur alltaf verið svolítið kvennaveldi. Eftir að tröllkarlarnir fóru í stórum stíl að verða að steini, þegar þeir fóru ekki nógu varlega í dagsbirtu, reyndu skessur, eins og þessi í sögunni um Trölla-Láfa að bjarga kynstofninum en það virðist ekki hafa gengið að óskum, þar sem mennsku körlunum tekst yfirleitt að leika á skessurnar og koma sér undan.“

Þar hafði þið það, miðað við orð



Dagrúnar eiga skessurnar ekki mikla von um að bjarga stofninum. En það er hægt að lesa sig til um tröll og njóta myndanna hennar Sunnevu í bókasafninu fram á næsta ár.

„Skylt er að hafa það heldur er sannara reynist“

Það er gott að geta gripið til þessara orða Ara fróða þegar mikið liggur við.


Í síðasta blaði Eystrahorns birtist á forsiðu grein Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur um gjöf Verkalýðsfélags Jökuls til Félags eldri Hornfirðinga sem ekki var minnst á í 40 ára afmælisriti félagsins. Ég þakka Hjördísi Þóru kærlega fyrir athugasemdina.

Það er nú svo að greinin sem ég skrifaði í afmælisritið um 40 ára starf félagsins er ekki sagnfræði þar sem allar heimildir eru dregnar fram og lúslesnar, heldur aðeins ágrip af sögunni þar sem ég fletti í gegnum fundagerðarbækurnar

og punktaði hjá mér það helsta sem ég sá. Fundagerðir eru oft mis nákvæmlega skráðar í bækur og því auðvelt að sjást yfir ýmislegt ef aðeins er farið eftir þeim.

Það er samt ófyrirgefanlegt að sjást yfir jafn mikilvægt atriði og þessi veglega gjöf verkalýðsfélagsins Jökuls var og eflaust hefur mér sést yfir fleira markvert úr sögu félagsins. Þykir mér það mjög leitt og biðst velvirðingar á þessari yfirsjón og fleirum sem kunna að finnast.

Sigurður Örn Hannesson



Jólablað Eystrahorns

kemur út þriðjudaginn 20. desember

Skilafrestur fyrir efni í blaðið er föstudaginn 16. desember kl.14:00





KÁLFAFELLSSTAÐARKIRKJA

Sunnudaginn 18. desember
Hátíðarmessa kl. 14:00

Að þessu sinni verður
hátíðarmessa í
Kálfafellsstaðarkirkju sunnudaginn
18. desember.
Allir velkomnir



Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2022

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2022. Frestur til tilnefninga er til miðnættis fimmtudaginn 5. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



HORNAFJARÐARMEISTARAMÓTIÐ

í Hornafjarðarmanna verður í Ekru fimmtudaginn 12. janúar kl. 20:00. Þátttökugjald 1500 kr. Allir velkomnir. Spilanevnd FeH.

Útgáfa Eystrahorns hættir

Í 42. tölublaði Eystrahorns tilkynnti ég að vegna breyttra aðstæðna mun ég ekki halda áfram með útgáfu blaðsins frá og með 1. janúar 2023. Síðast blaðið verður næsta tölublað sem er jafnframt jólablað Eystrahorns og kemur út þriðjudaginn 20. desember. Ég vona innilega að einhverjir, einstaklingar eða félagasamtök, sjái sér fært að taka að sér útgáfu Eystrahorns í einhverju formi. Ég hef staðið að útgáfunni í rúm fimm ár og er nú tími til að aðrir taki við keflinu. Ég hvet áhugasama að hafa samband við mig með tölvupósti á netfangið tjorvi@eystrahorn.is eða í síma 848-3933.

Bestu kvæðjur

Tjörvi Óskarsson, ritstjóri Eystrahorns

JÓLABÖRP

KIWANIS



Kiwanisklúbburinn Ós verður með árlega jólatréssölu ásamt lakkrís og kertum frá kirkjunni.

Í ár höfum við fengið með okkur nokkra aðila til að stytta skammdegið með jólaandann að leiðarljósi.

Eins og undanfarin ár verðum við hjá bílplaninu við Nettó.

Helgina 17. – 18. desember verður opið frá 13:00 til 16:00. Askasleikur mætir á laugardag til að skreyta jólatréð, allir krakkar velkomnir til að hjálpa.

Svo verður opið frá 17:00 til 19:00 alla virka daga frá 19.-22. desember fram að Þorláksmessu en þá er opið 14:00 til 17:00.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:.....HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.....Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Lumar þú á
áhugaverðu efni í
Eystrahorn?

Við hvetjum þig til
að senda okkur
línu á eystrahorn@eystrahorn.is

Sorphirðukönnun - Þrjár eða fjórar tonnur við heimili?

Á nýju ári verður sveitarfélögum skylt að safna fjórum úrgangsflokkum við hvert heimili í þéttbýli þ.e. pappa og pappír, plasti, matarleifum og blönduðum úrgangi. Úrgangsflokkarnir verða að vera aðskildir við söfnun og því er nauðsynlegt að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

Söfnunina má framkvæma með ýmsum hætti og því vill sveitarfélagið kanna afstöðu íbúa í þéttbýli til mögulegra breytinga. Markmiðið er að innleiða breytt kerfi á fyrri hluta næsta árs.


Á heimasíðu sveitarfélagsins má nálgast könnun um sorphirðu í þéttbýli sveitarfélagsins og eru áhugasamir hvattir til að láta sína skoðun í ljós. Könnunin stendur yfir frá 8. – 22. desember.

Í könnuninni er hægt að velja um tvo möguleika. Helstu kostir og gallar hafa verið dregnir saman hér að neðan með tilliti til hvorrar leiðar íbúum hugnast að fara. Þátttakendur könnunarinnar geta einnig skrifað nafnlausar athugasemdir við valkostina og þannig komið sinni skoðun á framfæri.

Um viðhorfskönnun er að ræða og er hún því ekki bindandi. Markmið könnunarinnar er fyrst og fremst að kanna hvaða fyrirkomulag íbúar í þéttbýli myndu helst vilja við söfnun úrgangs.

Í könnuninni má velja milli tveggja valkosta:

Með **valkosti 1** yrðu fjórar tonnur við hvert heimili í þéttbýli undir pappír og pappa, plast, matarleifar og blandaðan úrgang.



Kostir

- Mest rúmmálmagn fyrir íbúa.
- Mestur sveigjanleiki við ákvörðun á hirðutíðni.
- Bestun á hirðutíðni lágmarkar kostnað fyrir íbúa til framtíðar.
- Hentugasta umgengnin fyrir sorphirðuaðila.

Gallar

- Tekur mest pláss á lóð íbúa og getur spilt á sýnd heimila.
- Sum sorpskýli aðeins gerð fyrir þrjár tonnur.
- Byrjunarkostnaður fyrir íbúa að koma upp aðstöðu fyrir fjórðu tonnuna.
- Hentar verr fyrir þá sem losa sig við lítinn úrgang.

Með **valkosti 2** yrðu þrjár tonnur við hvert heimili í þéttbýli undir pappír og pappa, plast og blandaðan úrgang. Í tunnu undir blandaðan úrgang yrði hólf undir matarleifar.

Kostir

- Sami fjöldi tunna héldist á lóðum og nú er.
- Sorpskýli undir þrjár tonnur myndu nýtast áfram.
- Tíðari hirða á íláti undir matarleifar.
- Hentar þeim sem losa sig við lítinn úrgang.
- Um 15% minna magn kæmist í tunnu undir blandaðan úrgang.
- Fljótlegt að innleiða.
- Auðveldara að þrifa ílát undir matarleifar en tunnu s.s. vegna ólyktar.

Gallar

- Minni sveigjanleiki við ákvörðun á hirðutíðni.
- Tíðari hirða eykur kostnað fyrir íbúa til framtíðar.
- Um 15% minna magn kæmist í tunnu undir blandaðan úrgang.
- Hentar verr fyrir þá sem losa sig við mikinn úrgang.
- Torveldar umgengni fyrir sorphirðuaðila – þarf að meðhöndla ílát sem geta verið óþrifleg og þung.
- Ef boðið verður upp á minni tunnu undir blandaðan úrgang passar íláti ekki í slíka tunnu.
- Fremur lítill verðmunur á íláti undir matarleifar og tunnu.

Vakni frekari spurningar eða athugasemdir er íbúum sveitarfélagsins velkomið að hafa samband við verkefnastjóra umhverfismála í síma 470-8007 eða í gegnum netfangið: stefan@hornafjordur.is

Jóla- og styrktartónleikar Karlaðórsins Jökuls Sunnudagskvöldið, 18. desember kl. 20:00.

Að venju stendur Karlaðórin Jökull fyrir jóla- og styrktartónleikum. Er það orðið fastur liður hjá mörgum Hornfirðingum að sækja þennan tónlistarviðburð á aðventunni, og hafa margir haft á orði að jólin geti komið þegar þessum tónleikum er lokið. Eins og áður verður vonduð og góð dagskrá með bæði söng og hljóðfæraleik. Miðaverð er að lágmarki kr. 2500 en þar sem um styrktartónleika er að ræða er fólki frjálst að borga meira við innganginn. Ágóðinn af tónleikunum hefur alltaf runnið til góðra málefna í héraði og mun það einnig verða í þetta skiptið. Samfélagssjóður Hornafjarðar mun að þessu sinni fá óskiptan aðgangseyri. Við vonumst til að sjá sem flesta í Hafnarkirkju á sunnudagskvöldið næsta og njóta ljúfra tóna og jólastemningar.

Jóla- og styrktartónleikar Karlaðórsins Jökuls
Gauti Árnason, formaður Karlaðórsins Jökuls

Jólablað Eystrahorns
kemur út þriðjudaginn 20. desember

Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jóla- og styrktartónleikar
með þökk fyrir liðin ár.

Jón og Gunna

Jóla- og styrktartónleikar
5490.-

Skilafrestur á efni í jólablaðið er föstudaginn 16. desember kl. 14:00

eystrahorn@eystrahorn.is

Fjárfest í innviðum og þjónustu við íbúa

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar var lögð fyrir bæjarstjórn til síðari umræðu miðvikudaginn 14. desember. Fjárhagsáætlun næsta árs einkennist af forgangsröðun fjármuna til innviðauppbyggingar og þjónustu við íbúa. Gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða næsta árs hjá samstæðu verði jákvæð sem nemur 238 milljónum króna.

Rétt forgangsröðun

Að forgangsráða fjármunum líkt og áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs bera með sér er rétt forgangsröðun að mati núverandi meirihluta. Fræðslu- og uppeldismál ásamt velferðarmálum eru eins og gengur, lang stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins en þegar við skoðum aðrar áherslur kemur eitt orð upp í hugann - innviðauppbygging.

Stærstu verkefni á næsta ári

Við ætlum að ráðast strax í viðbyggingu við leikskólann Sjónarhól. Við munum gera átak í endurbótum á leikvöllum. Við ætlum að bæta götulýsingu og led ljósvæða sveitarfélagið og stórauka þannig öryggi fólks, ekki síst okkar barna. Við förum af fullum krafti í fráveituáfangi fjögur ásamt því að gera skurk í malbikun gatna og lagfæringu gangstíga. Einnig verður ráðist í bráðnaúðsynlegt viðhald og endurbætur á ýmsum fasteignum bæjarins.

Þá eru ótalin önnur risastór verkefni eins og kostnaður sveitarfélagsins við nýtt hjúkrunarheimili sem hleypur á hundruðum milljóna. Kostnaður við nýja slökkvibíreið er áætlaður um 100 milljónir á árinu en ný bifreið kemur til okkar í lok árs og mun auka öryggi íbúa til muna. Þá gefst einnig tækifæri til að skipta út slökkvibíreið í Öræfum og bæta öryggi íbúa þar.



Eyrún Friða, Gauti og Sigurjón

Það er líka vert að nefna hér nokkur mjög stór verkefni annarra aðila en sveitarfélagsins sem eru á stefnuskránni og gefa okkur tilefni til bjartsýni. Þar ber fyrst að nefna nýjan veg og brú yfir Hornafjarðarfljót sem mun gjörbreyta til batnaðar umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Vegurinn mun stytta leiðina til Hafnar um 12 km og fækka einbreiðum brúm um þrjár. Svo hefjast fljótlega framkvæmdir við stórt hótél á Reynivöllum í Suðursveit og síðast en ekki síst er nýr og glæsilegur miðbær á Höfn sem er í hönnunarferli.

Við leitum allra leiða til að létta álögur

Samhliða miklum framkvæmdum er leitað allra leiða til að draga úr álögum á bæjarbúa og styðja við bakið á heimilunum. Þar ber hæst að fasteignaskatts hlutfall á heimili

er lækkað úr 0,41% í 0,37% en álagning á atvinnuhúsnæði verður færð í það sama og hún var fyrir Covid og hækkar úr 1,49% í 1,65%. Vatnsgjald verður óbreytt og holræsagjald einnig. Sorpgjöld hækka skv. gjaldskrá um 10% enda ber okkur skylda til að taka skref í átt til þess að málaflökkurinn standi undir sér og er þetta viðleitni í þá átt.

Við setjum skipulagsmál í forgang

Þegar litið er til næstu fjögurra ára má sjá þann mikla sóknarhug sem er í sveitarfélaginu. Hafinn er undirbúningur fyrir nýtt stórt íbúðahverfi á reitnum sem kallast ÍB5 norðan við tjaldsvæðið okkar, en eftir jarðvegskönnun á svæðinu hentar það svæði mun betur til að fara í skipulag strax en svæðið sem kallast ÍB2, á leirunum austanverðum. Íbúðir í byggingu hjá okkur

Flugeldasala Björgunarfélags Hornafjarðar 2022

Fylgist með okkur á facebook-síðunni *Björgunarfélag Hornafjarðar* þar sem salan verður auglýst frekar þegar nær dregur.



Opnunartími sölunnar fyrir áramót og þrettándann:

28. des kl. 16:00-22:00

29. des kl. 14:00-22:00

30. des kl. 12:00-22:00

31. des kl. 10:00-14:00

og einnig fyrir þrettándann
6. jan kl. 14:00-17:00

fara ekki saman við íbúðaþörfina og þess vegna er mikilvægt að hraða eins og kostur er skipulagi stærri íbúðabyggingar.

Þriggja ára áætlun og þrjú mál

Þegar skoðuð er þriggja ára áætlun kemur í ljós að staða Sveitarfélagsins Hornafjarðar er sterk til lengri tíma lítið, að því gefnu að okkur beri gæfi til að missa ekki augun af því mikilvæga hlutverki að einbeita okkur fyrst og fremst að kjarna rekstri samfélagsins. Varðandi þriggja ára áætlun langar okkur að nefna sérstaklega þrjú þætti:

- 1. Sindrabær** - Við ætlum að nýta tímann á næsta ári í að yfirfara þá hönnun sem til er að Sindrabæ og skoða hvort hún mæti okkar þörfum í dag. Við setjum stefnuna á framkvæmdir í Sindrabæ á árinu 2024.
- 2. Framtíðar uppbygging íþróttamannvirkja** - Hvað varðar uppbyggingu á íþróttamannvirkjum hefur umræða um þau mál verið lifandi og upplýsandi undanfarið. Nokkurrar óánægju hefur gætt vegna frestunar á framkvæmdum við nýja

líkamsræktarstöð og erum við öll meðvitúð um það og skiljum vel gremju sumra vegna þess enda um mikilvægt lýðheilsuáttal að ræða. Við höfum nú þegar hafið vinnu við að endurmeta forgangsröðun á framtíðaruppbyggingu á íþróttamannvirkjum í öllu sveitarfélaginu, ekki eingöngu í þéttbýlinu á Höfn. Í þessari vinnu er allt undir og ekkert hefur verið ákveðið né slegið út af borðinu. Við bindum vonir við að út úr þessari vinnu komi metnaðarfull áætlun til lengri tíma, sem sveitarfélagið ræður við og að sem mest sátt sé um meðal íbúa.

- 3. Gamlabúð og Mikligarður** - Í lok mars á næsta ári, 2023, mun leigusamningur við Vatnajökulsþjóðgarð um Gömlubúð renna út og hefur þjóðgarðurinn lýst yfir eindregnum vilja til að flytja allt sitt starfsfólk í Nýheima og vonandi byggja upp þar til lengri tíma. Ekki var vilji hjá þjóðgarðinum að færa starfsfólk sitt í Mikligarð og telja þau ásamt Framkvæmda- og fjársýslu ríkisins og Umhverfissráðuneytinu húsið alls ekki henta undir framtíðaraðsetur

þjóðgarðsins. Fyrir okkur liggur þá að eiga samtal við samfélagið um framtíðarhlutverk Gömlubúðar og Mikligarðs og finna þessum verðmætu húsum okkar verðugt hlutverk til framtíðar.

Ábyrgur rekstur til framtíðar

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur blessunarlega verið vel rekið sveitarfélag og mun vera það áfram. Og það er þess vegna sem við getum lagt fram svo metnaðarfulla fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Áætlun þar sem áherslan er á innviði og þjónustu við íbúa, fjárhagsáætlun sem við getum öll verið stolt af.

*Gauti Árnason forseti bæjarstjórnar
Eyrún Friða Árnadóttir formaður bæjarráðs
Sigurjón Andrésson bæjarstjóri*

Krakkaklúbburinn Kóbra

Klúbburinn stendur fyrir listasmiðjum einu sinni í mánuði í Svavarssafni. Hann hefst aðra helgi í janúar og lýkur í maí. Smiðjurnar verða á laugardögum fyrir 6-9 ára og sunnudögum fyrir 10-13 ára. Þátttaka er öllum að kostnaðarlausu.

Leiðbeinandi er Hanna Dís Whitehead.

Skráning er á:

- studio@hannawhitehead.com
- facebook.com/krakkaklubburinnkobra



Scan QR-CODE for English information



MENNINGARMIDSTÖÐ
HORNAFJÖRÐUR



BASS
BARNASAMTAK
HORNAFJÖRÐUR
HORNAFJÖRÐUR





Jólagleði í útibúi Landsbankans á Höfn

Í tilefni af 50 ára afmæli útibúsins á Höfn verður heitt á könnunni, veitingar og lifandi tónlist í útibúinu föstudaginn 16. desember frá kl. 14-16.

Hlökkum til að sjá ykkur!